



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík og Hafnarfjarðarkaupstaður kt. 590169-7579, Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfirði, gera með sér svohljóðandi :

SAMSTARFSSAMNING

um fjármögnun stöðugildis í Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við íbúa Hafnarfjarðarkaupstaðar

1. gr.

Gildissvið og þjónusta sem samið er um

Samstarfssamningur þessi kveður á um samstarf og fjármögnun á einu fullu stöðugildi starfsmanns (hér eftir starfsmaðurinn) sem starfar í Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar (hér eftir “VoR teymi”).

Starfsmaðurinn er í beinu ráðningarsambandi við Reykjavíkurborg, sem er vinnuveitandi hans en hann er ráðinn sérstaklega til að sinna samstarfsverkefnum og þjónustu í þágu Hafnarfjarðarkaupstaðar og íbúa hans á grundvelli þessa samnings. Starfsmaðurinn sinnir tengiliðahlutverki við Hafnarfjarðarkaupstað varðandi mál einstaklinga með lögheimili í Hafnarfirði, sem nýta neyðarskýli eða dvelja í ótryggum aðstöðum. Þá mun starfsmaður kynna sér starfshætti Reykjavíkurborgar í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir og sjá um að miðla því til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Starfsmaðurinn mun vinna hjá VoR teymi Reykjavíkurborgar en einnig innan stuðningsteymis Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem sinnir stuðningi til einstaklinga sem hafa langvarandi reynslu af heimilisleysi en eru komnir með búsetu (sértækri heimaþjónustu í þjónustu- og úrræðateymi hjá Hafnarfjarðarkaupstað).

2. gr.

Vinnuveitandaábyrgð og starfsmannamál

Reykjavíkurborg er vinnuveitandi starfsmanns verkefnisins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning og ber daglega vinnuveitendaábyrgð á stöfum hans, þar með talið hvað varðar vinnuvernd, starfsaðstöðu, áhættumat og daglega verkstjórn.

Starfsmaðurinn fær greidd laun og önnur starfskjör samkvæmt gildandi kjarasamningi Eflingar hjá Reykjavíkurborg auk þess að fá aðgengi að öllum réttindum sem almennt standa starfsmönnum Reykjavíkurborgar til boða (s.s. fræðslu, styrkjum og starfsmannastuðningi).

3. gr.

Fjármögnun og greiðslur

Hafnarfjarðarkaupstaður greiðir Reykjavíkurborg mánaðarlega samstarfsframlag fyrir stöðugildið 1.182.886 kr. á mánuði. Greiðslur Hafnarfjarðarkaupstaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega eftir á, samkvæmt reikningi frá Reykjavíkurborg. Greiðslur hefjast og taka mið af upphafsdagsetningu ráðningarsamnings starfsmannsins í VoR teymi Reykjavíkurborgar og er tímabundinn og gildir í eitt ár frá þeim tíma.



Komi til þess að starfsmaðurinn fari í langvarandi veikindi gengur Reykjavíkurborg ekki í kostnaðarábyrgð á veikindum hans gagnvart verkefninu. Komi til slíkra veikinda verður ekki ráðinn annar starfsmaður í hans stað nema um það verði sérstaklega samið á milli samningsaðila og með viðbótarkostnaðarframlagi.

4. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að miðla til og auka þekkingu Hafnarfjarðarkaupstaðar á málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir. Markmiðið er einnig að flýta málsmeðferð þeirra einstaklinga, með lögheimili í Hafnarfirði, sem að nýta neyðarskýli Reykjavíkurborgar eða glíma við heimilisleysi með því að tryggja þeim aukinn og samfelldan stuðning á vettvangi og í þjónustu og auka þannig lífsgæði þeirra. Þá er einnig markmið samningsins að efla og styrkja tengsl sveitarfélaganna í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir.

5. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Í verkefnum þeim sem samstarfssamningur þessi tekur til ber að fylgja gildandi stefnu í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem og heildarstefnu Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem lögð er áhersla á vellíðan íbúa sveitarfélagsins.

6. gr.

Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Öll skráning og miðlun persónuupplýsinga um einstaklinga á grundvelli samnings þessa skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Starfsmaðurinn mun sinna tengiliðahlutverki við Hafnarfjarðarkaupstað varðandi mál einstaklinga, sem eru með lögheimili í Hafnarfirði og að nýta sér neyðarskýli Reykjavíkurborgar eða dvelja í ótryggum aðstæðum. Starfsmaðurinn mun miðla persónuupplýsingum um þessa einstaklinga til Hafnarfjarðarkaupstaðar en fræða þá einstaklinga sem í hlut eiga um það. Starfsmaður mun ekki miðla persónuupplýsingum um aðra einstaklinga til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Tilgangur framangreindrar miðlunar er að Hafnarfjarðarkaupstaður, sem lögheimilissveitarfélag framangreindra einstaklinga, geti aðstoðað og veitt þessum einstaklingum viðeigandi þjónustu, sem í boði er hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

Framangreind miðlun starfsmannsins til Hafnarfjarðarkaupstaðar er byggð á heimild sveitarfélaga til hafa samvinnu um verkefni skv. 4. og 7. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og einnig á 5. tölulið 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þar sem umrædd miðlun er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna.

Starfsmaðurinn mun einnig kynna sér starfshætti Reykjavíkurborgar í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir og sjá um að miðla ópersónugreinanlegum upplýsingum um starfshætti til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

7. gr.

Hæfnikröfur í VoR teymi

Starfsmaður verkefnisins skal hafa reynslu af vinnu með fólki með fjölpættan vanda og með þekkingu og áhuga á skaðaminnkandi nálgun. Hann skal búa yfir hæfni í mannlegum



samskiptum, frumkvæði og sveigjanleika. Starfsmaðurinn þarf að vera reiðubúinn að vinna sjálfstætt, setja heilbrigð mörk í samskiptum og hæfur að bregðast við óvæntum aðstæðum. Hann skal vera með B1-B2 íslenskukunnáttu samkvæmt evrópskum tungumálaramma, ökuréttindi og hreint sakavottorð í samræmi við lög.

Hlutverk VoR teymis er að styðja við einstaklinga sem glíma við heimilisleysi eða hafa reynslu af langvarandi heimilisleysi, taka ákvarðanir um íhlutun, innlagnir og úrræði í samvinnu við íbúa, aðstandendur og/eða forstöðumann.

VoR teymið er skipað einstaklingum sem fylgja starfslýsingu starfsmanns í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir. Markmið með þjónustunni er að mæta þörfum einstaklinga á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt ásamt því að styðja þau til samfélagslegrar þátttöku og virkni. Tekið er mið af skaðaminnkandi hugmyndafræði og batamiðaðri nálgun. Starfsmenn hvetja og styðja við einstaklinga til sjálfshjálpar og samfélagslegrar þátttöku og virkni á forsendum einstaklinga.

8. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Gera skal ársskýrslu um starfsemina þar sem m.a. kemur fram fjöldi þeirra sem nýta þjónustu VoR teymis á grundvelli samnings þessa og hvers konar beiðnir um ræðir. Teymið heldur utan um alla tölfærð um starfsemi þess og heldur sérstaka skráningu fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Stýrihópur getur látið gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum.

9. gr.

Þagnarskylda, skráning og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti öll gögn er varða persónulega hagi allra einstaklinga sem fá þjónustu VoR teymis, þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Upplýsingar um notendur með lögheimili í Hafnarfirði skulu áfram skráðar og varðveittar í skráningarkerfi VoR teymis (Power apps) eins og verið hefur. Starfsmaðurinn mun jafnframt miðla sömu persónuupplýsingum um þessa notendur í málaskrá Hafnarfjarðarkaupstaðar að fengnu upplýstu samþykki þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Um tjáningarfrelsi og þagnarskyldu starfsmannsins fer eftir X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þagnarskylda starfsmanns helst þótt samstarfssamningi þessum ljúki og einnig eftir að starfsmaðurinn lætur af störfum. Starfsmaðurinn skal undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu vegna starfa sinna hjá Reykjavíkurborg.

10. gr.

Vanefndir, riftun og uppsögn

Vanefni samningsaðili samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum getur gagnaðili krafist tafarlausa úrbóta innan tveggja vikna. Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Uppsagnafrestur samnings þessa er þrír mánuðir og tekur gildi frá og með næstu mánaðarmótum eftir að uppsögn er afhent. Uppsögn skal vera skrifleg og afhent gagnaðila á sannanlegan hátt.

11. gr.

Force majeure



Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna sameiginlega með tilliti til framhalds samningsins og ábyrgðar hvors aðila.

12. gr.

Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um túlkun eða efni samnings þessa, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn með samningaviðræðum.

Rísi mál út af samningi þessum má bera þann ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

13. gr.

Breyting á samningi

Samstarfssamningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi beggja samningsaðila.

14. gr.

Framsal samnings

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan eða einstök réttindi eða skyldur samkvæmt honum til þriðja aðila án skriflegs samþykkis gagnaðila.

15. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi gildir í eitt ár frá upphafi ráðningarsambands starfsmannsins hjá Reykjavíkurborg, sbr. 2. mgr. 1. gr. samnings þessa. Eigi síðar en þremur mánuðum áður en samningurinn rennur út skulu aðilar taka afstöðu til þess hvort samningurinn verði framlengdur eða endurnýjaður.

16. gr.

Undirritun samnings

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík, 13. ágúst 2026

f. hönd Reykjavíkurborgar

f. hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
formaður velferðarráðs

Árni Rúnar Þorvaldsson,
formaður fjölskylduráðs